

Ár 2001, fimmtudaginn 29. nóvember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Margréti Guðmundsdóttur, Óttari Yngvasoni og Þorsteini Júlíussyni.

**Fyrir var tekið:**

**Að ákvarða laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. lögum nr. 120/1992**

Þann 1. janúar n.k. munu laun flestra ríkisstarfsmanna hækka um 3% skv. kjarasamningum sem fjármálaráðuneytið gerði við starfsmenn sína árið 2001. Þeir aðilar sem Kjaradómur úrskurðar laun falla ekki undir þessa samninga. Kjaradómur telur rétt að laun þessara aðila skuli hækka um áramót í samræmi við laun opinberra starfsmanna, svo að launaþróun þeirra sem Kjaradómur ákvarðar laun sé í sem mestu samræmi við almenna launaþróun hjá opinberum starfsmönnum.


**Því ákvarðast:**

Mánaðarlaun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. 2. gr. l. 120/1992 skulu hækka 1. janúar 2002 um 3% frá síðustu ákvörðunum Kjaradóms um laun viðkomandi. Mánaðarlaun einstakra aðila verða þá, frá 1. janúar 2002, sem hér segir:


1. Forseti Íslands krónur 1.376.338.
2. Forsætisráðherra krónur 662.316 og aðrir ráðherrar krónur 602.208, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi.
3. Forseti Hæstaréttar krónur 479.725 en aðrir hæstaréttardómarar krónur 436.062.
4. Ríkissaksóknari krónur 436.062.
5. Ríkissáttasemjari krónur 417.009.
6. Ríkisendurskoðandi krónur 417.009.
7. Biskup Íslands krónur 421.109.
8. Dómstjórninn í Héraðsdómi Reykjavíkur krónur 399.884 en aðrir dómstjórar krónur 361.438.
9. Héraðsdómarar krónur 348.736.
10. Umboðsmaður barna krónur 347.035.
11. Þingfararkaup alþingismanna krónur 334.560.

Eldri ákvarðanir Kjaradóms um yfirvinnu og önnur réttindi skulu óbreyttar standa.

Þá ákvarðast að desemberuppbót ársins 2001 skuli vera kr. 35.329.



Garðar Garðarsson  
formaður




Jón Sveinsson



Margrét Guðmundsdóttir



Óttar Yngvason



Þorsteinn Júlíusson